



Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma  
Hátúni 10b, 105 Reykjavík - Sími: 533 1088 - netpóstur: faas@alzheimer.is - netfang: www.alzheimer.is

Reykjavík, 13. febrúar 2013

Hafnarfjarðarbær,  
b.t. Rannveigar Einarsdóttur,  
sviðsstjóra félagsþjónustu  
Ráðhúsi Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

Efni: Ákvörðun skv. stefnumótun FAAS um að draga sig út úr stofnanarekstri


Eins og kunnugt er, þá hefur FAAS átt farsælt samstarf við Hafnarfjarðarbæ varðandi rekstur dagþjálfunar fyrir fólk með heilabilun.

Samstarf við sveitarfélög hófst fljótlega eftir stofnun FAAS þegar Reykjavíkurborg festi kaup á húseigninni að Flókagötu 53 árið 1985 til ráðstöfunar fyrir fyrstu dagþjálfun á Íslandi í þágu einstaklinga sem greinst höfðu með heilabilun. Þessi starfsemi hófst að stærstum hluta fyrir atbeina félagsins þótt það væri ekki meðal rekstraraðila.

Árið 2001 opnaði FAAS dagþjálfun í Friðuhúsi, í húsnæði að Austurbrún 31 sem félagið hafði fengið að gjöf nokkrum árum fyrr. Leyfi fékkst fyrir 15 einstaklinga. Fimm árum síðar, eða árið 2006 setti FAAS, með dyggum stuðningi Hafnarfjarðarbæjar, á laggirnar dagþjálfunina Drafnarhús fyrir 20 einstaklinga með heilabilun. Hafnarfjarðarbær hefur frá upphafi staðið straum af húsaleigu undir starfsemi.

Áfram var haldið, enda þörfin hrópanði, og árið 2008 opnaði FAAS dagþjálfun í Maríuhúsi að Blesugróf 27 í samstarfi við Reykjavíkurborg með rými fyrir 20 einstaklinga. Reykjavíkurborg lét húsnæðið í té endurgjaldslaust undir starfsemi. Starfsemi á þessum stöðum hefur gengið vel á þessu árabili, verið framsækin og miklu skipt fyrir þá einstaklinga sem notið hafa þjónustunnar. Aðstandendur og fjölskyldur sjúklinga hafa sömuleiðis notið góðs af starfsemiinni með tengslum við starfsfólk, fengið tækifæri til skoðanaskipta og hlotið ýmislega fræðslu og leiðbeiningar auk ómetanlegrar hvíldar frá annars sólarhringsumönnun heimafyrir.

Starfsemi FAAS snerist lengi framan af að miklu leyti um rekstur þessara stofnana. Í seinni tíð hefur þörf fyrir fræðlustarfsemi og stuðning við féлага og umönnunaraðila á hjúkrunarstofnunum stórlega aukist og í þessa átt kýs stjórn að beina kröftum sínum umfram annað í náinni framtíð.

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	15.2.2013
Málsnr:	130.22.15
Bréfal:	330



Undanfarna mánuði hefur af hálfu stjórnar verið lögð talsverð vinna í að móta stefnu og áhersluþætti fyrir félagið. Stefnumótun stjórnar liggur nú fyrir. Þar er niðurstaðan sú að félagið eigi að draga sig út úr rekstri og einbeita sér að félagslegri starfsemi, fræðslu og stuðningi við féлага FAAS með öðrum hætti en stofnanarekstri. Á þetta við um allan núverandi rekstur, þ.e. rekstur dagbjálfunar í Fríðuhúsi, Drafnarhúsi og Mariuhúsi.

Það er reyndar almenn skoðun innan stjórnar FAAS að hætta geti falist í hagsmunatogstreitu með aðild að rekstri í þessari mynd. Auk þess er það álit stjórnar FAAS að fagleg og fjárhagsleg ábyrgð samfara starfsemi af þessu tagi eigi betur heima hjá opinberum aðilum en hjá fjárhagslega veikburða félagsamtökum eins og hér um ræðir. Þá er það jafnframt mat stjórnar að boðuð breyting sé í fullu samræmi við þá umræðu sem nú á sér stað um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga á sviði félags- og heilbrigðisþjónustu.

Að framansögðu leyfir stjórn FAAS sér því hér með að tilkynna Hafnarfjarðarbæ að stjórn félagsins hefur samþykkt að FAAS dragi sig út úr rekstri dagbjálfana fyrir fólk með heilabilun.

Óskað er eftir viðræðum svo fljótt sem verða má með fulltrúum sveitarfélagsins um framkvæmd þessa og hvernig hagsmunir skjólstæðinga Drafnarhúss, sem og Fríðuhúss, verði tryggðir áfram að breytingum þessum loknum.

Með vinsemd og virðingu,  
f.h. FAAS

Svava Aradóttir, framkvæmdastjóri FAAS

Afrit sent bæjarstjóra, Guðrínu Ágústu Guðmundsdóttur

Reykjavík, 13. febrúar 2013

Hafnarfjarðarbær,  
b.t. Rannveigar Einarsdóttur,  
sviðsstjóra félagsþjónustu  
Ráðhúsi Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

Efni: Ákvörðun skv. stefnumótun FAAS um að draga sig út úr stofnanarekstri

Eins og kunnugt er, þá hefur FAAS átt farsælt samstarf við Hafnarfjarðarbæ varðandi rekstur dagbjálfunar fyrir fólk með heilabilun.

Samstarf við sveitarfélög hófst fljótlega eftir stofnun FAAS þegar Reykjavíkurborg festi kaup á húseigninni að Flókagötu 53 árið 1985 til ráðstöfunar fyrir fyrstu dagbjálfun á Íslandi í þágu einstaklinga sem greinst höfðu með heilabilun. Þessi starfsemi hófst að stærstum hluta fyrir atbeina félagsins þótt það væri ekki meðal rekstraraðila.

Árið 2001 opnaði FAAS dagbjálfun í Friðuhúsi, í húsnæði að Austurbrún 31 sem félagið hafði fengið að gjöf nokkrum árum fyrr. Leyfi fékkst fyrir 15 einstaklinga. Fimm árum síðar, eða árið 2006 setti FAAS, með dyggum stuðningi Hafnarfjarðarbæjar, á laggirnar dagbjálfunina Drafnarhús fyrir 20 einstaklinga með heilabilun. Hafnarfjarðarbær hefur frá upphafi staðið straum af húsaleigu undir starfsemi.

Áfram var haldið, enda þörfin hrópandi, og árið 2008 opnaði FAAS dagbjálfun í Mariúhúsi að Blesugróf 27 í samstarfi við Reykjavíkurborg með rými fyrir 20 einstaklinga. Reykjavíkurborg lét húsnæðið í té endurgjaldslaust undir starfsemi. Starfsemi á þessum stöðum hefur gengið vel á þessu árabili, verið framsækin og miklu skipt fyrir þá einstaklinga sem notið hafa þjónustunnar. Aðstandendur og fjölskyldur sjúklinga hafa sömuleiðis notið góðs af starfsemiinni með tengslum við starfsfólk, fengið tækifæri til skoðanaskipta og hlotið ýmislega fræðslu og leiðbeiningar auk ómetanlegrar hvíldar frá annars sólarhringsumönnun heima fyrir.

Starfsemi FAAS snerist lengi framan af að miklu leyti um rekstur þessara stofnana. Í seinni tíð hefur þörf fyrir fræðslustarfsemi og stuðning við féлага og umönnunaraðila á hjúkrunarstofnunum stórlega aukist og í þessa átt kýs stjórn að beina kröftum sínum umfram annað í náinni framtíð.




Undanfarna mánuði hefur af hálfu stjórnar verið lögð talsverð vinna í að móta stefnu og áherslupætti fyrir félagið. Stefnumótun stjórnar liggur nú fyrir. Þar er niðurstaðan sú að félagið eigi að draga sig út úr rekstri og einbeita sér að félagslegri starfsemi, fræðslu og stuðningi við féлага FAAS með öðrum hætti en stofnanarekstri. Á þetta við um allan núverandi rekstur, þ.e. rekstur dagþjálfunar í Friðuhúsi, Drafnarhúsi og Maríuhúsi.

Það er reyndar almenn skoðun innan stjórnar FAAS að hætta geti falist í hagsmunatogstreitu með aðild að rekstri í þessari mynd. Auk þess er það álit stjórnar FAAS að fagleg og fjárhagsleg ábyrgð samfara starfsemi af þessu tagi eigi betur heima hjá opinberum aðilum en hjá fjárhagslega veikburða félagasamtökum eins og hér um ræðir. Þá er það jafnframt mat stjórnar að boðuð breyting sé í fullu samræmi við þá umræðu sem nú á sér stað um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga á sviði félags- og heilbrigðisþjónustu.

Að framansögðu leyfir stjórn FAAS sér því hér með að tilkynna Hafnarfjarðarbæ að stjórn félagsins hefur samþykkt að FAAS dragi sig út úr rekstri dagþjálfana fyrir fólk með heilabilun.

Óskað er eftir viðræðum svo fljótt sem verða má með fulltrúum sveitarfélagsins um framkvæmd þessa og hvernig hagsmunir skjólstæðinga Drafnarhúss, sem og Friðuhúss, verði tryggðir áfram að breytingum þessum loknum.

Með vinsemi og virðingu,  
f.h. FAAS

  
Svava Aradóttir, framkvæmdastjóri FAAS

Afrit sent bæjarstjóra, Guðrínu Ágústu Guðmundsdóttur